

Akureyri, 14. feb. 2011.

Kæri Jón

Ég heiti Gabríel Snær Jóhannesson. Við höfum ekki hist en ég kannast við þig úr 17. júní hátíðinni, ævisögu þinni eftir Guðjón Friðriksson. Þú ert Íslandi mikilvægur eins og þú veist ef ekki væri þín vegna væru Danir sennilega yfir okkur eða annar maður hefði mótmælt en það hefði getað endað illa. Mér finnst þú álíka mikilvægur og Snorri Sturluson. Án efa ert þú með þekktustu mönnum í Íslandssögunni. Mér myndi þykja mikill heiður að kynnast þér. Það hlýtur að vera skemmtilegt að vera á fimmhundrað króna seðlinum sem er án efa algengasti seðillinn á landinu. Auk þess eru margir búnir að taka þig sem fyrirmynd og reyna að feta í fótspor þín. Í Danmörku ertu mjög frægur og hlýtur að hafa verið heiðraður all nokkrum sinnum. En sjaldan eignast maður marga vini án þess að eignast nokkra óvini. Áttir þú einhverja óvini? Þó það skipti svo sem ekki miklu máli. Nú er sjúkra- og heilsukerfið mun skárra en á þínum dögum og menntun algengari því menn þurfa ekki að ferðast til Danmerkur til að mennta sig samt eru en nokkrir tossar sem virða ekki tækifærið og enda að vinna í sjoppu eða ræstingu.

Þín áhugamál eru samkvæmt því sem ég hef heyrt/lesið bókmenntir, réttindi manna, stærðfræði og fornfræði. Mín áhugamál eru tækni, eðlisfræði, dýrafræði, tölvur og listaverk eftir Leonardo da Vinci. En nú ætla ég út í fótbolta með Benedikt Orra Péturssyni ættuðum frá Danmörku og Andra Þór Guðmundssyni frá Akureyri.

Vertu sæll og ég get varla beðið eftir svári.

Gabríel Snær Jóhannesson